

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 56/2021

2024/EES/3/56

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Einnig ætti að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 ⁽¹⁾, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2019 frá 10. júlí 2019 ⁽²⁾, um breytingu á tilskipun 2014/17/ESB í IX. viðauka EES-samningsins.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 31j (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32016 R 1011**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 (Stjttíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1).“

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2019 frá 8. maí 2019 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.*3. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 235, 12.9.2019, bls. 9 og EES-viðbætur nr. 73, 12.9.2019, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 176 og EES-viðbætur nr. 96, 28.11.2019, bls. 8.